

DV



SJÓNVARPIÐ

18.00 Veist þú hver hún Angela er? (Vet du hvem Angela er?) 2. þáttur. Angela er lítil stúlka sem býr í Noregi en foreldrar hennar fluttu þangað frá Chile. Fylgst er með Angelu og kisunni hennar í einn dag. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Pulur Halldór N. Lárusson. (Nordvision - Norska sjónvarpið)

18.20 Gullregn. Fimmti þáttur. Danskur framhaldsmyndaflokkur fyrir börn í sex þáttum. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. (Nordvision - Dansk sjónvarpið)

18.50 Táknmálfréttir.

19.00 Poppkorn - endursýndur þáttur frá 8. feb. Umsjón Stefán Hilmars-son.

19.25 Smellir - Peter Gabriel II. Endursýndir þættir frá í haust.

19.54 Ævintýri Tinna Ferðin til tunglsins (20)

20.00 Fréttir og veður.

20.35 Matarlist. Umsjón Sigmar B. Hauksson.

20.50 Sæluríki í suðurhöfum. (Tierparadies im ewigen Eis). Þýsk fræðslumynd um náttúru og dýralíf á Suðurskautlandinu.

21.35 Leyndardómar Sahara (Secret of the Sahara). Fimmti þáttur. Framhaldsmyndaflokkur í átta þáttum. Leikstjóri Alberto Negrin. Aðalhlutverk Michael York, Ben Kingsley, James Farentino og David Soul.

22.25 Umræðuþáttur á vegum fréttastofu Sjónvarps.

23.00 Seinni fréttir.

15.45 Santa Barbara. Bandarískur framhaldsþáttur.

16.30 Maðurinn frá Fanná. The Man from Snowy River. Einstaklega falleg og vel gerð mynd sem fjallar um ungan dreng og vel tamin hest hans. Saman tekst þeim að ná villtum stóðhesti sem lokað hefur hryssur bæðanna til sín í skjóli nætur. Aðalhlutverk: Kirk Douglas, Sigrid Thornton og Terence Donovan.

18.20 Feldur. Teiknimynd með íslensku tali um heimilislausu en fjögur hundar og keti.

18.45 Ævintýramaður. Adventurer. Spennandi framhaldsmynda-flokkur í ævintýralegum stíl. Áttund þáttur. Aðalhlutverk: Oliver Tobias, Peter Hambleton og Paul Gittins.

19.19 19:19. Heil klukkustund af fréttaflutningi ásamt fréttatengdu efni.

20.30 Leiðarinn. Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.

20.45 Íþróttir á þriðjudegi. Blandaður þáttur. Umsjón: Heimir Karlsson.

21.40 Hunter. Vinsæll bandarískur spennumyndaflokkur.

22.30 Rumpole gamli. Rumpole of the Bailey. Breskur myndaflokkur í sex hlutum. 2. þáttur. Aðalhlutverk: Leo McKern.

23.20 Þráhyggja. Compulsion. Unglingsdregir úr yfirstétt eiga það sameiginlegt að hafa greindarvísitölu langt fyrir ofan meðallag. Þeir gera sér vel grein fyrir yfirburðahæfileikum sínum og afráða að ræna og drepa ungan dreng í þeim tilgangi að drýgja hinn fullkomna glæp. Aðalhlutverk: Orson Wells, Diane Varsi, Dean Stockwell og Bradford Dillman.

1.00 Dagskrárlok.



STÖÐ 2

9.30 Í pokahorninu. Sigríður Pétursdóttir gefur hlustendum holl ráð varðandi heimilishald.

9.40 Landpósturinn - Frá Suðurnesjum. Umsjón: Magnús Gíslason.

10.00 Fréttir. Tilkynningar.

10.10 Veðurfregni.

10.30 Eg man þá tíð. Hermann Ragnar Stefánsson kynnrir lög frá liðnum árum.

11.00 Fréttir.

11.03 Samhljómur. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á mið-nætti.)

11.55 Dagskrá.

12.00 Fréttayfirlit. Tilkynningar.

12.20 Hádegisfréttir.

12.45 Veðurfregni. Tilkynningar.

13.05 Í dagsins önn - Þorrasíðir. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.

13.35 Miðdegisagan: „Blóðbrúðkaup“ eftir Yann Queffelec. Guðrún Finnbogadóttir þýddi. Þórarinn Eyfjörð les. (14.)

14.00 Fréttir. Tilkynningar.

14.05 Snjóalög. - Snorri Þorvarðarson. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudegs að loknum fréttum kl. 2.00.)

15.00 Fréttir.

15.03 Aldarminning Tryggva Þórhalssonar. Gunnar Stefánsson tók saman. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)

15.45 Þingfréttir.

16.00 Fréttir.

16.03 Dagbókin. Dagskrá.

16.15 Veðurfregni.

16.20 Barnaútvarpið - Leikræn tjáning barna. Umsjón: Kristín Helga-dóttir.

17.00 Fréttir.

17.03 Tónlist á síðdegi - Schubert og Schumann.

18.00 Fréttir.

18.03 Á vettvangi. Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólf-
dóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.

18.45 Veðurfregni.

19.00 Kvöldfréttir.

19.30 Tilkynningar.

19.32 Kvíksjá - Að eiga bróður í blóðsugunni. Skáldið Sjón rabbar um hrollvejur. (Einnig útvarpað á föstudagsmorgun kl. 9.30.)

20.00 Litli barnatíminn - „Kári litli og Lappi“. Stefán Júlíusson hefur lestur sögu sinnar. (Endurtekinn frá morgni.)

20.15 Orthulf Prunner leikur orgel-sónóttur eftir Johann Sebastian Bach.

21.00 Kveðja að austan. Úrval svæðisútvarpsins á Austurlandi í liðinni viku. Umsjón: Haraldur Bjarna-son. (Frá Egilsstöðum.)

21.30 Útvarpsagan: „Þjónn þinn heyrir“ eftir Söru Lidman. - Hannes Sigfússon les þýðingu sína. (11.)

22.00 Fréttir. Dagskrá morgundags-
ins.

22.07 Frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík. Jón Þ. Þór segir frá gangi skáka í fyrstu umferð.

22.15 Veðurfregni.

22.20 Lestur Passíusálma. Guðrún Ægisdóttir les 20. sálm.

22.30 Leikrit vikunnar: „Nafnlaust leikrit“ eftir Jökul Jakobsson. Leikstjóri: Helga Bachmann. Leikendur: Rúník Haraldsson, Kristbjörg Kjeld, Briet Héðinsdóttir og Helgi Skúlason. Frumflutt í útvarpi árið 1971. (Einnig útvarpað nk. fimmtudag kl. 15.03.)

23.15 Tónskáldatími. Guðmundur Emilsson kynnrir íslenska tónlist, að þessu sinni verk eftir Leif Þórarinsson.

24.00 Fréttir.

00.10 Samhljómur. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)

01.00 Veðurfregni. Næturútlit og samtengdum rásum til morguns.

RÁS FM 90,1

01.10 Vökulögin.

7.03 Morgunútvarpið. Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregni kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.

9.03 Stúlkan sem bræðir ishjórtun. Eva Ásrún kl. 9. Morgunspýr Þú Ásrúnar Albertsdóttur. Afmæliskveður kl. 10.30.

11.03 Stefnumót. Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.

12.00 Fréttayfirlit. Auglýsingar.

12.15 Heimsbliðin.

12.20 Hádegisfréttir.

12.45 Umhverfis landið á áttatíu. Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónsson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaum að smáblómum í mannlífseitnum.

14.05 Milli mála. Oskar Páll á útklíki og leikur ný og fin lög. - Útklíkið upptúr kl. 14. - Auður Haralds talar frá Róm. - Hvað gera bændur nú?

16.03 Dagskrá. Dægurmálaútlit fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. - Kaffisjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendapjónustan kl. 16.45. - Fréttanefnin, Sigurður G. Tómasson með fjölmiðlaryni eftir kl. 17.00.

19.00 Kvöldfréttir.

19.32 Áfram Ísland. Dægurlög með Íslenskum flytjendum.

20.30 Útlit ungar fólksins. Við hljóðnemann: Vernharður Linnet.

21.30 FRÆÐSLUVARP: Lærum ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Þrettándi þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.

22.07 Bláar nótur. Pétur Grétarsson kynnrir djass og blús.

23.45 Frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík. Jón Þ. Þór skýrir valdar skákir úr fyrstu umferð.

01.10 Vökulögin. Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregni frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

8.07 - 8.30 Svæðisútlit Norðurlands.

18.03 - 19.00 Svæðisútlit Norðurlands.

98.9 BYLJUGJAN

7.30 Páll Þorsteinsson: Réttum megin framúr með Byljugjani - þægileg morguntónlist. Klíkt í blóðin og lítið til veðurs. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.

10.00 Valdis Gunnarsdóttir. Allt í einum pakka - hádegis- og kvöldtónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. - Potturinn kl. 11. Brávallagatan milli kl. 10 og 11.

14.00 Þorsteinn Asgeirsson. Síðdegis-tónlist eins og hún gerist best. Síminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli 17 og 18.

18.00 Fréttir.

18.10 Reykjavík síðdegis - Hvað finnst þér? Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.

19.00 Freymóður T. Sigurðsson. Meiri músík og minna mas.

20.00 Íslenski listinn. Ólöf Marín kynnrir 40 vinsælustu lög vikunnar.

22.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson. Þægileg kvöldtónlist.

24.00 Nætur dagskrá Byljugjanna.

Sigurveg FM 102.2 & 104

7.30 Jón Axel Ólafsson. Jón Axel í hressari kantinum. Fréttir kl. 8.00 & 10.00

10.00 Sigurður Helgi Hiðoversson. Sigurður Helgi með lög úr öllum áttum. Fréttir kl. 12.00 & 14.00.

14.00 Gísli Kristjánsson. Þessi ljúfi dagskrárgerðarmaður leikur létt lög af geisladiskum.

18.00 Þægileg tónlist með kvöldverðinum.

20.00 Sigursteinn Másson. Kvöldúlfur Stjörnunnar mættur með allt það nýjasta í poppinu en laumar að einu og einu gömlu. Eftir klukkan 10.00 læðist Sigursteinn í rólegu tónlistina á Stjörnuni.

24.00 Dagskrárlok.



Hljóðbylgjan Reykjavík FM 95,7 Akureyri FM 101,8

7.00 Réttum megin fram úr. Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunspýrð, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.

9.00 Morgungull. Hafdis Eggó Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkiegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasimarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.

12.00 Ókynnt hádegistónlist.

13.00 Perilur og pastaréttir. Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög

og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.

17.00 Síðdegi í lagi. Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá þrains Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttæmast þykir hverju sinni.

19.00 Ókynnt kvöldmatartónlist.

20.00 Kjartan Pálmarsson með öll bestu lögin, innlend og erlend.

23.00 Þráinn Brjánsson fylgir Hljóðbylgjuhlustendum inn í nóttina, þægileg tónlist ræður ríkjum undir lokin.

1.00 Dagskrárlok.

ALFA FM 102,9

10.00 Morgunstud. Guðs orð og bæ.

10.30 Alfa með erindi til þín. Margvíslegir tónar sem flytja blessunarkenningar boðskap.

14.00 Orð Guðs til þín. Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.

15.00 Alfa með erindi til þín, frh.

24.00 Dagskrárlok.



RÓT ÚTVARP FM 106,8

10.00 Rótartónlist Guðmundur Smári.

13.00 Úr Dauðahafshandritunum. Haraldur Jóhannsson les 9. lestur.

13.30 Nýi tíminn. Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.

14.00 Í hreinskiini sagt. E.

15.00 KAKÓ. Tónlistarþáttur.

16.30 Umrót. Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.

17.00 Kvennalístinn. Þáttur á vegum þingflokks Kvennalists.

17.30 Samtök græningja. Nýr þáttur.

18.00 Hanagal. Umsjón: Félag áhugafólks um franska tungu.

19.00 OPIÐ. Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.

20.00 FES. Unglingaþáttur.

21.00 Barnatími.

21.30 Úr Dauðahafshandritunum. Haraldur Jóhannsson les 9. lestur. E.

22.00 Við við viðtækið. Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.

23.30 Rótdraugar. Lesnar draugasögur fyrir háttinn.

24.00 Þráinn Brjánsson. Sagan í umsjá Sig. Ivarssonar. E.

02.00 Næturvakt til morguns með Baldri Bragasoni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

ÚTRÁS FM 104,8

16.00 FB.

18.00 FG.

20.00 MH.

22.00 IR.

01.00 Dagskrárlok.

Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM 91,7

18.00-19.00 Halló Hafnarfjörður. Halldór Árni með fréttir úr Firðin-um, viðtöl og fjölbreytta tónlist.

19.00-23.00 Útlit varpsklúbbar Lækjar-skóla.

Ólund Akureyri FM 100,4

19.00 Gatið.

20.00 Skólupáttur. Umsjón hafa nemendur í Verkmenntaskólanum.

21.00 Fregni. 30 minnta fréttarþáttur. Þæjamál á þriðjudegi. Þæjarfulltrúar koma í heimsókn.

21.30 Sagnfræðisáttur. Sagan í viðsamhengi. Ritgerðir og þ.h.

22.00 Æðri dægurlög. Diddi og Frey spila sigildar lummur sem allir elska.

23.00 Kjöt. Ási og Pétur sjúga tónlist og spjalla um kjöt og fleira.

24.00 Dagskrárlok.

Þriðjudagur 14. febrúar



Kvikmyndin Þráhyggja er byggð á hinu þekktu Leopold-Loeb máli.

Stöð 2 kl. 23.20:

Þráhyggja

Stórmynd með Orson Welles í aðalhlutverki. Myndin gerist í Chicago árið 1924 og segir frá tveimur drengjum sem voru aðeins átján ára gamlir er þeir fröndu sinn fyrsta glæp spennunnar vegna.

Báðir eru drengirnir af yfirstéttarfólki og eiga það sameiginlegt að hafa greindarvísitölu langt fyrir ofan meðaltal. Þeir gera sér grein fyrir afburðahæfileikum sínum og af-ráða að ræna og drepa ungan dreng og framkvæma þannig hinn fullkomna glæp. En eitthvað virðist fara úrskeiðis og þeir eru sterklega grunaðir um verknaðinn. Fjölskyldur þeirra eru að ráða einn frægasta lögfræðing Bandaríkjanna til að koma drengjunum til bjargar.

Myndin er byggð á hinu þekktu Leopold-Loeb máli og fært í raunsæjan og spennandi buning bandarískra leikstjórans Richards Fleischer.

-J.Mar

Rás 1 kl. 20.00:

Kári litli og Lappi

- litli barnatíminn

Í dag hefst lestur sögunnar Kári litli og Lappi. Þetta er fyrsta bók Stefáns Júlíussonar og kom hún út árið 1938 svo nú er liðin rúm hálf öld síðan fyrsta útgáfa bókarrinnar kom út.


Síðan hafa bæurnar þrjár um drenginn Kára verið margendurútgefnar. Mætti segja að þessar þrjár bækur hafi frá upphafi verið ein eftirlætislesning margra kynslóða.



Svo tók Kári um báða kjálkana á Lappa, horfði í augu hans og sagði: „En bráðum verður þú ennþá meira gaman, því að þá þú verður upp í fjöll.“

Ekki er að efa að margur mun fylgjast spennur með lestri Stefáns þegar hann fer að segja okkur frá þessum langlífu persónu sinni og hundinum hans.

-J.Mar



Græningjar verða með útvarpsþátt í kvöld.

Útlit Rót kl. 17.30:

Græningjar

- hvað er nú það?

Í dag hefst nýr þáttur á Útlit Rót. Það eru samtök Græningja sem standa að þættinum og er fyrirhugað að þeir verði hér eftir með vikulegan þátt á dagskrá.

Í þættinum verður spurningunni, hvað eru Græningjar?, velt upp og reynt að svara henni. Fjallað verður um umhverfisverndarmál og það sem efst er á baugi í þeim efnum.

Þátturinn verður endurtekinn á miðvikudagskvöld kl. 23.00.

-J.Mar



RÁS I FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregni. Bæ, séra Kristinn Agúst Friðfinnsson flytur.

7.00 Fréttir.

7.03 Í morgunspýrð með Randverli Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregni kl. 8.15. Lesið úr forustu-greinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.

9.00 Fréttir.

9.03 Litli barnatíminn - „Kári litli og Lappi“. Stefán Júlíusson hefur lestur sögu sinnar. (Einnig útvarpað að kvöldi kl. 20.00.)

9.20 Morgunleikfimi. Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.